

# Forritunarkeppni grunnskólanna

Kennarar og nemendur Tækniskólans standa að baki  
Forritunarkeppni grunnskólanna

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, mun halda **Forritunarkeppni grunnskólanna 1.-2. apríl næstkomandi**. Hugmyndin af keppninni er sprottin frá kennurum á tölvubraut og koma þeir að framkvæmd keppinnar með aðstoð, bæði fyrrum og núverandi, nemenda við skólann. Þess má til gamans geta að nemandi á tölvubraut hannaði og forritaði heimasíðuna og nemandi í grafískri miðlun hannaði logo keppinnar.

Forritunarkeppnin er **opin öllum grunnskólanemendum** sem hafa áhuga á forritun. Markmið keppinnar er að **kynna** fyrir grunnskólanemendum **forritun** og að grunnskólanemendur komi saman og leysi skemmtileg verkefni. **Í keppninni mega nemendur vinna í 2.-3. manna hópum ef þeir vilja en mega einnig vinna einir.**

Til þess að undirbúa grunnskólanemendur fyrir keppnina mun Tækniskólinn standa fyrir **forritunarbúðum þeim að kostnaðarlausu**. Þar munu **nemendur á tölvubraut Upplýsingatækniskólans** fara yfir grunnatriði forritunar og er þetta frábær leið til þess að kynnst forritun eða vilja læra meira. **Forritunarbúðirnar verða helgina 12.-13. febrúar**. Ef nemendur vilja undirbúa sig betur fyrir forritunarbúðirnar eða keppnina sjálfa þá bendum við á [youtube síðu keppinnar](#), þar er að finna bæði fyrirlestra og dæmi.

Allar nánari upplýsingar um Forritunarkeppni grunnskólanna er að finna á heimasíðu keppinnar [kodun.is](#).